

Alpha Topcoat

Akrýl vatnsbrettamálning

Efnislýsing

Alpha Topcoat er afar teygjanleg og endingargóð vatnspynnanleg útiveggjamálning með silkimatti áferð. Alpha Topcoat hentar vel á steinsteypt vatnsbretti og lárétta steinfleti því hún er einkar veðurþolin, hleypir raka úr steininum í gegnum sig jafnframt því að hrinda frá sér yfirborðsvatni. Alpha Topcoat hindrar kolsýrumettun og þar með niðurbrot steypunnar. Hún sápast ekki, gulnar ekki og kemur í veg fyrir að óhreinindi festist í málningunni. Alpha Topcoat hentar einkar vel sem lokaumferð ofan á Alphacoat (mjög teygjanleg kvarsamálning), sérstaklega þar sem mikið álag er á steinflötum eða við sprunguviðgerðir.

Meðhöndlun

Nýmálun

- Steinsteypa þarf að vera a.m.k. 30 daga gömul, þurr og laus við sementshúð, útfellingar, ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi. Látið þorna í nokkra daga eftir þvott.
- Grunnið nýjan og ómálaðan stein með Mur-Silan (monosilan). Látið sílanið standa í a.m.k. 48 klst. fyrir málun. Sílanið dregur úr hárpípusogi steypunnar á vatni.
- Grunnið með 15% þynntum Alpha Aquafix Opaque grunni (hvítur). Ef flöturinn er duftsmítandi eða mjög gljúpur skal grunna með Microdispers grunni (glær).
- Ef sprungur eru til staðar skal mála þær tvisvar með Alphacoat.
- Málið tvær umferðir með Alpha Topcoat. Málið aðeins út á lóðréttan flöt til að mynda „hatt“, sem hindrar möguleika vatns á að skríða undir málningarfilmuna.
- Æskilegt er að Alpha Topcoat standi ein og sér á láréttum fleti en málað sé yfir hana með veggjamálningunni á lóðréttum flötum.

Endurmálun

- Tryggið að flöturinn sé þurr og laus við ryk, fitu, umferðarsót og önnur óhreinindi. Fjarlægjið óhreinindi með Málartvätt og lausa málningu með háprýstipvotti.
- Grunnið beran stein með Alpha Aquafix Opaque grunni, þynntum 10% með vatni.
- Málið tvisvar yfir sprungur með Alphacoat.
- Málið tvær umferðir með Alpha Topcoat sbr. nýmálun að ofan.

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: Silkimatt, <10 GU við 60°

Hiti við málun: 5-30°C

Rakastig: Mest 85%

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprauta

Þynning: Vatn ef þörf krefur

Þurrefni: Um 57% af vigt og 43% af rúmmáli

Þéttleiki: Um 1,33 kg/dm³

Ráðlögð þykkt: Þurr: u.þ.b. 95 míkrón. Blautt: u.þ.b. 220 míkrón

Þurrktími: Rykfrítt eftir u.þ.b. 1 klst. Yfirmálun eftir u.þ.b. 8-12 klst. með annarri umferð af Alpha Topcoat

Seigja (við 23°C): 1, 1-1,6 Pa.s/23°C

Þekja: ± 5-7 m²/l (veltur á undirlagi, aðferð og eðli flatarins)

Viðloðun: Góð viðloðun á Alphacoat og ómeðhöndluð gljúp eða þétt yfirborð

Þvottaheldni: Þolir vel þvott og skrúbbun með vatni blönduðu lútefnalausum hreinsiefnum

Blautnúningsþol: Í samræmi við DIN EN 13300, flokk 1

Öndunareiginleikar: µm d. CO²: 490m. µm d. H₂O: 0,11m.

Litur: Hvítt og litastofnar

Pakkningar: 5 og 10 lítra dósir

Hreinsun verkfæra: Vatn

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

Geymsluþol: Minnst tólf mánuðir í lokuðum ílátum

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/c) 75 g/l 40 g/l (2010).
Inniheldur mest 20 g/l.